

Fimmtudaginn 9. júní 1994.

Nr. 502/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Helga Aðalsteinssyni

(Páll A. Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Þjófnaður. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði hefur áfrýjað máli þessu í heild sinni, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1993. Krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ákærði veffengir sakargiftir að hluta og krefst þess jafnframt, að refsing hans verði milduð.

Fyrri ákæran í máli þessu varðar einkum meðferð ákærða á 17,4 g af hassefni og 50 skömmtum af efninu LSD, sem hann sendi í pósti frá Amsterdam á eigið heimilisfang hér á landi, en sending þessi var stöðvuð við tollmeðferð á bögglaþóststofunni að Ármúla í Reykjavík. Af verknaðarlýsingu er ljóst, að hann er einvörðungu ákærður fyrir innflutning á þessum efnum. Kemur ekki til álita, hvort hann hafi ætlað þau til sölu eða dreifingar að einhverju leyti. Með þeirri athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu á brotum hans til refsíákvæða.

Ákærði hefur áður orðið sekur um fíkniefnalagabrot og brot á almennum hegningarlögum, en langt var um liðið frá síðasta broti hans, þegar brot hans nú voru framin. Með hliðsjón af þessu og atvikum að öðru leyti telst refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku efna og um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku fíkniefna og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. október 1993.

I.

Ár 1993, þriðjudaginn 26. október, er á dómþingi í héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 179/1993: Ákærvaldið gegn Helga Aðalsteinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi hinn 25. október 1993, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara fyrir meint fíkniefnabrot, út gefinni 31. ágúst 1993, birtri 14. september og þingfestri 22. september sama ár, og ákæru ríkissaksóknara fyrir meintan þjófnað, út gefinni 6. október 1993 og birtri og þingfestri 8. sama mánaðar, gegn Helga Aðalsteinssyni, kt. 230354-4489, Breiðvangi 14, Hafnarfirði.

Í ákærum þessum er ákærða gefið að sök í hinni fyrrnefndu „að hafa, í janúar 1993 keypt 100 g af hassi og nokkurt magn af LSD í Amsterdam og fimmtudaginn 21. þess mánaðar búið um 17,4 g af hassi og 50 skammta af LSD í pakka og sent hingað til lands á pósthólf nr. 460 í póstútíbúi í Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til þess, samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, að sæta upptöku á 17,4 g af hassi, 50 skömmtum af LSD, vasaljósi og ljósmyndaalbúmi með myndum, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins“.

Í hinni síðarnefndu „að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. september 1993 brotist inn í Miðbæjarradíó að Hverfisgötu 18 í Reykjavík, tekið þar til og sett í plastpoka mælitæki, lítið útvarps- og segulbandstæki („vasadísk“), og

nokkur heyrnartól, alls að verðmæti um 30.000 krónur, og síðan fært hlutina að vöruafgreiðsludyrum á bakhlíð hússins, þar sem lögregla kom að honum. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði óskaði ekki skipunar verjanda. Þar sem dómariinn taldi hann uppfylla skilyrði niðurlagsákvæðis 34. gr. laga nr. 19/1991, flutti hann mál sitt sjálfur. Að leiðbeiningu dómarsins krafðist hann vægustu refsingar.

Ákærði hefur játað verknáði þá sem honum eru gefnir að sök í ákærum, þó þannig að hann kveður hassið hafa verið ætlað til eigin neyslu, og LSD-skammtana, sem hann kveðst hafa fengið gefins skömmu fyrir brottför sína frá Amsterdam, kveðst hann ekki hafa vitað hvað hann ætti að gera við, hann hafi ekki ætlað að selja þá.

Hann ber við algjöru minnisleysi um að hafa tekið til og sett í plastpoka muni þá, sem greindir eru í síðari ákæru, en kveðst muna eftir því, er öryggisverðir Securitas komu að honum á vettvangi. Hann leggur áherslu á að hann hafi þá enga mótspyrnu veitt og nefnt það við öryggisverðina að „kalla bara á lögreglu“. Er sú fullyrðing ákærða studd framburði öryggisvarðanna.

II.

Miðvikudaginn 27. janúar 1993 barst ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík tilkynning frá tollvörðum á bögglaþóstsstofunni í Ármúla um, að þar hefði fundist póstsending sem innihéldi hassefni. Er lögreglumenn komu á staðinn, var þeim afhent brúnt, fóðrað umslag, og var utanáskriftin: TO ART TATTOO, P.O. BOX 460, 221 HAFNARE, ICELAND. Sendandi póstsendingarinnar var eigi tilgreindur, en á fylgiseðli, er límdur var á umslagið, var innihald þess sagt vera „photos“. Í umslaginu reyndist vera vasaljós og ljósmyndaalbúm, með tveimur póstkortum með myndum beggja vegna af fólki með húðflúr, eitt stakt póstkort með húðflúrmynd og 19 ljósmyndir. Mátti þekkja ákærða í máli þessu á flestum ljósmyndanna. Ákærði var réttthafi pósthólfs þess, er skráð var sem viðtökustaður sendingarinnar. Við nánari skoðun á vasaljósinu kom í ljós, að í hólfi þess fyrir rafhlöður var vöndull pakkður inn í plast, og reyndist hann innihalda svart hass, sem við vigtun reyndist 17,4 g. Við nánari skoðun á ljósmyndaalbúminu fundust síðan 50 skammtar af LSD, sem faldir höfðu verið á milli póstkorta, er límd höfðu verið saman, og þannig komið fyrir í albúminu. Við rannsókn á Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði kom í ljós, að framangreindir 50 skammtar innihéldu fíkniefnið lýsergíð, sem einnig er nefnt LSD, 22,5 míkrogrömm hver skammtur.

Ákærði játaði þegar við yfirheyrslu lögreglu, að hinn 8. janúar 1993 hefði

hann farið til Amsterdam í Hollandi, keypt þar 100 g af hassi, reykt hluta af því sjálfur, meðan á dvölinni stóð, en átt eftir um 15-20 g af hassi, er hann hélt heimleiðis þann 21. janúar. Kvaðst hann þá hafa komið hassinu fyrir í litlu vasaljósi, sem hann hefði keypt, og komið vasaljósinu fyrir í umslagi ásamt ljósmyndaalbúmi; hefði síðan póstsent pakkann frá Amsterdam á eigið pósthólf á pósthúsinu í Hafnarfirði. Ákærði kvaðst hafa ætlað hassið til eigin nota. Fyrir dómi var framburður ákærða um þessi atvik öldungis óbreyttur.

Ákærði kvaðst við lögreglurannsókn eigi kannast við LSD-skammta þá, sem fundust við rannsókn málsins, milli samanlímdra póstkorta í ljósmyndaalbúmi. Hann kvaðst hafa fengið myndaalbúmið að gjöf frá kunningja sínum, er hann vildi ekki nafngreina. Þá kvaðst ákærði eigi vilja tilgreina þann mann sem tekið hefði þær ljósmyndir, er myndaalbúmið hafði að geyma. Hann kvaðst þó kannast við að myndirnar hefðu verið teknar af sér í þessari utanferð.

Við dómsrannsókn viðurkenndi ákærði að hafa komið umræddum LSD-skömmtum fyrir svo sem að framan greinir og póstsent sjálfum sér hingað til lands, vitandi um hvaða efni var um að ræða. Hann kvaðst hafa fengið skammtana að gjöf skömmu áður en hann hélt heimleiðis, ekki vitað, hvað hann átti að gera við þá og því af einhverjum óskýrgreindum ástæðum póstlagt þá með hassinu. Hann kvaðst ekki geta tilgreint gefandann. Hann þvertók fyrir, bæði að hafa ætlað efnið til sölu og enn fremur að hafa ætlað að neyta þess sjálfur, sagðist vera á móti LSD, hafa sjálfur prófað það fyrir um 20 árum og hafa séð á eftir kunningja sínum vegna neyslu þessa efnis.

III.

Aðfaranótt sunnudagsins 5. september 1992 kl. 5.09 var lögregla kvödd að versluninni og viðgerðastofunni Miðbæjarráðió í Hverfisgötu 18 í Reykjavík. Er lögreglumenn komu á vettvang hittu þeir þar fyrir tvo starfsmenn Securitas ásamt Helga Aðalsteinssyni, ákærða í máli þessu. Skýrðu starfsmenn Securitas svo frá, að þeir hefðu komið að Helga, þar sem hann stóð í dyragætt baka til í húsinu, í einhvers konar vöruafgreiðsludyrum. Kváðu þeir Helga hafa hoppað niður og óskað eftir því að haft yrði samband við lögreglu.

Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglumanna hafði verið brotin rúða á bakhlið hússins og greinilegt, að sá sem það hafði gert, hafði skorið sig, því að blóð hafi verið á gluggakarmi og víðar. Í dyragættinni kváðust lögreglumennirnir hafa fundið plastpoka með blóði á, sem innihélt mælitæki, lítið útvarps- og segulbandstæki (vasadiskó) og nokkur heyrnartól. Helgi hafi verið með pappír vafinn um fingur á vinstri hendi og verið greinilegt

að blætt hafði mikið úr hendinni. Ekki fundu lögreglumenn þýfi á Helga og neitaði Helgi því, að hann hefði brotist þarna inn.

Ákærði skýrði svo frá fyrir lögreglu og dómi, að umrætt kvöld hefði hann verið að neyta áfengis í miðbæ Reykjavíkur og orðið verulega ölvaður. Kvaðst hann hafa gengið bak við hús nr. 18 við Hverfisgötu í því skyni að kasta af sér vatni. Þar hefði sú hugmynd vaknað að fara þar inn. Kvaðst hann hafa brotið rúðu á bakhlið hússins og farið inn um gluggann. Við það hafi hann skorið sig á hendi. Næst kvaðst ákærði hafa munað eftir sér, er hann heyrði raddir tveggja manna fyrir utan húsið. Ákærði kvaðst hafa séð starfsmenn Securitas fyrir utan húsið og kvaðst hafa gefið sig fram við þá og óskað eftir því að þeir kölluðu til lögreglu.

Vitnin Guðjón Benfield, starfsmaður Securitas, og Einar Ólafsson, verslunarmaður í Miðbæjarradíói, hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi.

Guðjón skýrði meðal annars frá því, að hann hefði ásamt starfsfélaganum sínum orðið var mannaferða í áðurnefndu húsi umrædda nótt. Skömmu síðar hefði ákærði birst í nokkurs konar vöruafgreiðsludyrum á bakhlið hússins og möglunarlaust gefið sig öryggisvörðum á vald og óskað eftir því að lögregla yrði kölluð til.

Vitnið Einar skýrði meðal annars svo frá, að aðkoman að verslun hans umrædda nótt hefði verið ljót. Rekja hefði mátt blóðslóð eftir innbrotsþjófinn um allt húsið og auk þess hefðu vörur legið á gólfum. Kvaðst Einar muna, að við vöruafgreiðsludyr á bakhlið hússins hefði legið blóðugur plastpoki með áðurgreindum munum í.

Fyrir lögreglu og hér fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna eftir því að hafa safnað saman í plastpoka munum og sett pokann þar sem hann fannst. Ákærði vefengdi þó ekki, að hann hefði verið þarna að verki.

IV.

Auk nokkurra dóma og dómsátta vegna brota á áfengislögum og umferðarlögum hefur ákærði hlotið eftirtalda fangelsisdóma fyrir auðgunarbrot og fíkniefnabrot:

Hinn 31.10.1974 í sakadómi Reykjavíkur, 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 248., 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 17.2.1975 í Köbenhavns byret, 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 285. gr. (refsiramminn fyrir hin grófari auðgunarbrot), sbr. 284. gr. (hylming), sbr. 276. gr. (þjófnaður) hegningarlaga.

Hinn 5.11.1976 í sakadómi Reykjavíkur, ekki gerð sérstök refsing fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 17.11.1976 í sakadómi Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 246., 155., 248. og 261. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 22.8.1978 í sakadómi Reykjavíkur, sátt, 210.000 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 390/1974.

Hinn 18.10.1978 í sakadómi Reykjavíkur, 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155., 244., 248., 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 15.1.1980 í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, 3ja mánaða fangelsi og 150 þúsund króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 390/1974.

Hinn 25.6.1984 í sakadómi Ísafjarðar 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, staðfest með dómi Hæstaréttar 8.3.1985. Reynslulausn í 2 ár á 280 dögum hinn 18. 12. 1985.

Hinn 30.12.1986 í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sátt, sekt kr. 8.500 fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1976.

Loks var ákærði dæmdur í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hinn 27. febrúar 1987 í fangelsi í 2 ár og 9 mánuði fyrir brot á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1986 með því að hafa í apríl 1986 keypt í Amsterdam og látið annan mann flytja til landsins gegn féggjaldi 340 gr af amfetamíni, sem dómfelldi Helgi viðurkenndi að hann hefði ætlað til sölu hérlendis. Í dómi þessum var einnig dæmt um rof á skilorði reynslulausnar í 2 ár hinn 18.12.1985 af eftirstöðvum refsingar, 280 daga fangelsi, samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 8. 3. 1985.

Hæstiréttur staðfesti síðastgreindan dóm sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum frá 23.2.1987 með dómi sínum hinn 3. desember 1987 að öðru leyti en því, að fangelsisrefsing var stytt í 2 ár. Dómar þessir voru óskilorðsbundnir bæði í héraði og í Hæstarétti.

Dómþoli fékk hinn 3.10.1989 reynslulausn í 2 ár á 360 dögum refsingar samkvæmt síðast greindum dómi Hæstaréttar. Skilorðstími reynslulausnarrinnar var því liðinn, er fíkniefnabrot það, sem ákært er fyrir í máli þessu, var framið í janúar 1993, en dómurinn hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 3. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

V.

Með játningu ákærða, sem studd er fram lögðum lögregluskýrslum og framburði lögreglumannanna Gunnlaugs Valtýssonar, Snorra Magnússonar og Hákonar Sigurjónssonar hér fyrir dómi, er sannað að ákærði flutti til landsins í janúar 1993 17,4 g af hassi og 50 skammta af LSD. Ákærði hefur viðurkennt að um ásetningsbrot hafi verið að ræða.

Sá framburður ákærða, að hann hafi ætlað hassið til eigin neyslu, er trúverðugur.

Ákærði hefur lýst því fyrir dómi að hann hafi ekki ætlað LSD-skammtana til eigin neyslu.

Einum manni er ekki ætlandi að neyta 50 skammta af LSD án þess að eiga á hættu að bíða varanlegt og verulegt heilsutjón, jafnvel þótt neyslunni væri dreift á langt tímabil. Um þetta var ákærða greinilega kunnugt.

Að þessu athuguðu og með því að ákærði hefur áður og þá á grundvelli eigin játningar verið dæmdur fyrir innflutning amfetamíns, sem hann ætlaði til sölu, þá þykir ekki varhugavert, þótt nær 7 ár væru liðin frá fyrra broti, er það síðara var framið, að byggja á því að ákærði hafi öðrum þræði ætlað umrædda LSD-skammta til dreifingar og sölu. Fíkniefnabrot hans er því réttilega heimfært til refsíakvæða í ákæru.

Ákærði hefur viðurkennt innbrot það sem honum er gefið að sök í ákæru. Með vísan til fram lagðra lögregluskýrslna, sem studdar eru framburði öryggisvarðarins Guðjóns Benfields og forsvarsmanns Miðbæjarra-díós, Einars Ólafssonar, hér fyrir dómi, telst ákærði hafa gerst sekur um fullframið þjófnaðarbrot sem réttilega er heimfært til refsíakvæðis í ákæru.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Upptæk skulu til ríkissjóðs 17,4 g af hassi og 50 skammtar af LSD, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, kr. 30.000,00, til ríkissjóðs.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 2 ár. Upptæk skulu til ríkissjóðs 17,4 g af hassi og 50 skammtar af LSD, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur.